

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 28. mars 1983

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/764/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ökumannssæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(83/190/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/694/EBE ⁽²⁾, og með lögum um aðild Grikklands, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/764/EBE frá 25. júlí 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ökumannssæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Að fenginni reynslu og miðað við núverandi stöðu tæknimála er nú mögulegt að auka við tilteknar kröfur og samræma þær raunverulegum prófunarskilyrðum. Reynst hefur nauðsynlegt að breyta orðalagi tiltekinna liða í sumum tungumálum til að tryggja samræmi við önnur tungumál.

Þessum fyrstu breytingum geta fylgt aðrar sem varða fyrst og fremst aðferðir til að skoða ökumannssæti í dráttarvélum sem hafa massa yfir 5 tonnum, einkum með prófunum á prófunarpalli og, ennfremur, um leið og tæknileg skilyrði leyfa, að skoðanir á prófunarpalli taki við af prófunum á prófunarbraut og, ef mögulegt er, vélrænn búnaður af prófunarstarfsfólki (t.d. prófunarbrúður).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 255, 18. 9. 1978, bls. 1.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

I., II. og IV. viðauka við tilskipun 78/764/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá og með 1. október 1983 er aðildarríkjum óheimilt:

— að synja um EBE-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, eða innlenda gerðarviðurkenningu, hvað varðar dráttarvélargerðir, eða

— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef ökumannssæti í þeirri gerð dráttarvélar eða dráttarvéla eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá og með 1. október 1984:

— skulu aðildarríki ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE hvað varðar dráttarvélargerð þar sem ökumannssæti er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,

— mega aðildarríki synja um innlenda gerðarviðurkenningu hvað varðar dráttarvélargerð þar sem ökumannsæti er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1983. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. mars 1983.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karl-Heinz NARJES

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 78/764/EBE:

Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

„9. **Fjöðrunarferill**

Með „fjöðrunarferli“ er átt við lóðréttu fjarlægð á milli hæstu stöðu og stöðu á ákveðnum tíma í punkti á sætisfirborði 200 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis á lengdarmiðjuplani.“

Liður 10: Íslenska útgáfan haldist óbreytt.

Liður 13 falli niður.

Liður 14 verði liður 13 og eftirfarandi skilgreiningum bætt við:

- „ a_{wS} = rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar sætis sem mæld er við prófun á prófunarpalli eða prófun á staðlaðri akbraut,
- a_{wB} = rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar sem mæld er við sætisfestingu við prófun á prófunarpalli;
- a_{wB}^* = viðmiðunarrótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar sem mæld er við sætisfestingu;
- a_{wS}^* = leiðrétt rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar sætis sem mæld er við prófun á prófunarpalli;
- a_{wF}^* = rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar sem mæld er við sætisfestingu við prófun á staðlaðri akbraut.“

Liður 15 verði liður 14. Íslenska útgáfan haldist óbreytt.

Liður 16 verði liður 15.

Liður 17 verði liður 16 og í stað hans komi eftirfarandi:

„16. **Dráttarvélar í hópi A**

Með „dráttarvéllum í hópi A“ er átt við dráttarvélar sem setja má í ákveðinn sveifluflokk sökum áþekkra hönnunareinkenna.“

Liðir 17.1 og 17.2 verði liðir 16.1 og 16.2.

Liður 18 falli niður ásamt undirliðum.

Liður 19 verði liður 17 og í hans stað komi eftirfarandi:

„17. **Dráttarvélar í hópi B**

Með „dráttarvéllum í hópi B“ er átt við dráttarvélar sem er ekki hægt að setja í sveifluflokk með hópi A.“

Liður 20 verði liður 18 og undirliðir hans verði undirliðir 18.1, 18.2, 18.3 og 18.4.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 78/764/EBE:

- Liður 1.3.1: Íslenska útgáfan haldist óbreytt.
- Liður 1.6.2: Í síðustu línunni komi $\pm 0,1$ bar í stað $+ 0,1$ bar á öllum tungumálum nema dönsku.
- 1.7.1. Íslenska útgáfan haldist óbreytt.
- 1.7.2. Íslenska útgáfan haldist óbreytt.

Í stað liðar 1.7.3 komi eftirfarandi:

- „1.7.3. Lóðréttir sveiflueiginleikar eru ákvarðaðir.“

Á eftir lið 1.7.3. bætist eftirfarandi við sem nýr liður:

- „1.7.4. Eiginleikar sem draga úr sveifluvídd á meðsvæflunarsviði eru ákvarðaðir.“

Liður 1.8: Einungis í ensku útgáfunni falli endurtekning orðanna „locked in a position“ niður.

Einungis í ensku útgáfunni komi eftirfarandi í stað liðar 2.1.3:

- „2.1.3. The depth and width of the surface of seats intended for tractors in which the minimum rear-wheel track width does not exceed 1 150 mm may be reduced to not less than 300 and 400 mm respectively if the design of the tractor prevents compliance with the requirements of Items 2.1.1 and 2.1.2.“

Einungis í ensku útgáfunni komi eftirfarandi í stað liðar 2.4.1:

- „2.4.1. The seat must be adjustable in the longitudinal direction over a minimum distance of:
- 150 mm for tractors with a minimum rear-wheel track width of more than 1 150 mm,
 - 60 mm for tractors with a minimum rear-wheel track width of 1 150 mm or less.“

Einungis í ensku útgáfunni komi eftirfarandi í stað liðar 2.4.2:

- „2.4.2. The seat must be adjustable in the vertical direction over a minimum distance of:
- 60 mm for tractors with a minimum rear-wheel track width of more than 1 150 mm,
 - 30 mm for tractors with a minimum rear-wheel track width of 1 150 mm or less.“

Í stað liðar 2.5.1 komi eftirfarandi:

- „2.5.1. Ákvörðun á eiginleikum fjöðrunar og stillinga eftir massa ökumanns.“

Í stað liðar 2.5.1.1 komi eftirfarandi:

- „2.5.1.1. Eiginleikar fjöðrunar eru ákvarðaðir með kyrrstöðuprófun. Stillingar eftir massa ökumanns eru reiknaðar út frá eiginleikum fjöðrunar. Þessir útreikningar eru ekki nauðsynlegir vegna sæta sem ekki er hægt að stilla handvirkt eftir massa ökumanns.“

Liður 2.5.1.2: Í stað annarrar setningar komi eftirfarandi:

- „Mæliskekkja fyrir fjöðrunarferil má ekki vera meiri en ± 1 mm.“

Í stað liðar 2.5.1.3 komi eftirfarandi:

- „2.5.1.3. Draga skal heilan eiginleikaferil sem sýnir samþjöppun fjöðrunarbúnaðar frá núll þyngd til hámarksþyngdar og aftur að núlli. Þyngdarkvörðunin sem er notuð við mælingu á fjöðrunarferli má ekki fara yfir 100 N. Skipta skal a.m.k. átta mælipunktum niður á fjöðrunarferilinn með nokkurn veginn jöfnu millibili. Miðað er við að hámarksþyngd sé annað hvort þegar frekari fjöðrunarferill mælist ekki eða 1 500 N. Eftir hvert skipti sem þyngd hefur verið sett á eða tekin af skal mæla fjöðrunarferilinn 200 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis á lengdarmiðjuplani sætisyfirborðs. Eftir að þyngdin hefur verið sett á eða tekin af skal leyfa sætinu að fara aftur í kyrrstöðu.“

Í stað liða 2.5.1.4, 2.5.1.4.1 og 2.5.1.4.2 komi eftirfarandi:

- „2.5.1.4. Þegar um er að ræða sæti með massastillingarkvarða er eiginleikaferill sem táknar samþjöppun fjöðrunarbúnaðar dreginn miðað við massastillingu fyrir ökumenn sem veiga 50 og 120 kg. Þegar um er að ræða sæti án massastillingarkvarða og með stillingastöðvun eru málin tekin við lægstu og hæstu massastillingu. Þegar um er að ræða sæti án massastillingar og án stillingastöðvunar eru stillingar þannig valdar að:
- 2.5.1.4.1. fyrir lægri massastillimörk fari sætið til baka í efsta punkt fjöðrunarferils þegar þyngdin er fjarlægð, og
- 2.5.1.4.2. fyrir hærri massastillimörk þrýsti þyngd sem er 1 500 N sætinu niður í lægstu mörk fjöðrunarferils.“

Liðir 2.5.1.4.3 og 2.5.1.4.4 falli niður.

Liður 2.5.1.5: Einungis í dönsku og frönsku útgáfunum skal bæta inn lýsingarorði sem samsvarar „heill“ til að afmarka orðið sem samsvarar orðinu „fjöðrunarferill“.

Liður 2.5.1.6: Á eftir orðinu „þyngdina“ skal bæta inn „á miðjustillingu fjöðrunarbúnaðar“.

Í stað liðar 2.5.1.7 komi eftirfarandi:

- „2.5.1.7. Til að ákvarða megi mörk stillinganna miðað við massa ökumanns verður í samræmi við lið 2.5.1.6 að margfalda lóðréttu krafta sem ákvarðaðir eru fyrir punkta A og B (sjá 2. viðbæti við þennan viðauka) með stuðlinum 0,13 kg/N.“

Í stað liðar 2.5.2 komi eftirfarandi:

- „2.5.2. *Ákvörðun á hliðarstöðugleika*“

Í stað liðar 2.5.2.1 komi eftirfarandi:

- „2.5.2.1. Stilla verður sætið fyrir lægri þyngdarstillimörk og tengja við prófunarpallinn eða dráttarvélina á þann hátt að botninn hvíli á ósveigjanlegum fleti (prófunarpalli) sem má ekki vera minni en sætisbotninn.“

Í stað liðar 2.5.3 komi eftirfarandi:

„2.5.3. Prófún til að ákvarða lóðréttu sveiflueiginleika“

Í stað liðar 2.5.3.1.1 komi eftirfarandi:

„2.5.3.1.1. Prófunarpallurinn skal líkja eftir lóðréttum sveifluhreyfingum í festingarpunkti öku-mannssætis. Sveifluhreyfingarnar eru myndaðar með raf-vökvabúnaði. Nota skal ýmist inngangsgildin sem tilgreind eru í 4. og 5. viðbæti við II. viðauka fyrir þann flokk dráttarvéla sem um ræðir, eða tvöfalt teguð hröðunarmerki mæld við sætisfestingu dráttarvéla af í hópi B sem ekið er $12 \pm 0,5$ km/klst á staðlaðri akbraut eins og skilgreint er í lið 2.5.3.2.1. Til þess að mynda sveifluhreyfingarnar þarf að nota óslitna tvítekna keyrslu inngangsgilda.

Skiptin frá því að röð hröðunarmerkja sem mælast á staðlaðri akbraut í fyrsta akstri endar og þar til annar akstur byrjar verða að vera jöfn og laus við rykki. Mælingar mega ekki vera gerðar við fyrstu keyrslu inngangsgildanna eða hröðunarmerkjanna. Heimilt er að nota fleiri gildi en þau 700 sem mælt er fyrir um í 4. og 5. viðbæti við II. viðauka ef þau gildi eru reiknuð t.d. með þriðja stigs „Spline“ falli af upphaflegu 700 gildunum.“

Í stað liðar 2.5.3.1.3 komi eftirfarandi:

„2.5.3.1.3. Prófunarpallurinn verður að hafa góðan sveigju- og snúningsstinnleika, og legur hans og brautir mega ekki taka meira rými en er tæknilega nauðsynlegt. Ef pallurinn er á sveifluarmi má stærðin R ekki vera undir 2 000 mm (sjá 6. viðbæti). Styrkur sveifluhlutfalls við tíðni á milli 0,5 og 5,0 Hz skal vera innan tðnisviðsins $1,00 \pm 0,05$ mælt með millibili sem fer ekki yfir 0,5 Hz. Stigbreyting má ekki vera meiri en 20° innan sama tðnisviðs.“

Í stað liðar 2.5.3.2.1 komi eftirfarandi:

„2.5.3.2.1. Akbrautin samanstendur af tveimur samhliða brautum og fer bilið á milli þeirra eftir sporvidd dráttarvélarinnar. Báðar brautirnar skulu vera úr ósveigjanlegu efni s.s. viði eða steinsteypu og sniðnar sem blokkir með reglulegu mynstri eða samfelld slétt yfirborð. Lengdarsnið hvorrar brautar er afmarkað með hæðartölum með tilliti til grunnlínur: þessi gildi eru sýnd í töflum í 3. viðbæti. Að því er akbrautina snertir er hækkunin afmörkuð með 16 cm millibili meðfram hvorri braut.

Akbrautin verður að vera vel föst við jörðu og bilið á milli brautanna má einungis víkja lítillega frá réttri breidd; hjól dráttarvélarinnar verða ávallt að vera á brautinni. Þegar brautirnar eru sniðnar í blokkir verða þær að vera 6 til 8 cm þykkar og skulu þá vera 16 cm á milli miðju blokkanna. Lengd staðlaðrar akbrautar skal vera 100 m.

Mælingar skulu hefjast um leið og afturás dráttarvélarinnar er hornrétt á punkt $D = 0$ á akbrautinni og þeim skal ljúka um leið og framás dráttarvélarinnar er hornrétt á punkt $D = 100$ á akbrautinni (sjá töfluna í 3. viðbæti við þennan viðauka).“

Í stað liðar 2.5.3.2.2 komi eftirfarandi:

„2.5.3.2.2. Mælingar skulu gerðar á $12 \pm 0,5$ km/klst.

Halda verður tilskildum hraða án notkunar hemla. Mæla skal sveifluhreyfingar á sætinu og á þeim stað sem sætið er fest við dráttarvélina bæði með léttum og þungum öikumanni.

Hraðanum 12 km/klst verður að ná við akstur eftir upphafsbraut. Yfirborð þessarar brautar verður að vera slétt og tengjast staðlaðri akbraut án hæðarbreytinga.“

Í stað liðar 2.5.3.3.1 komi eftirfarandi:

„2.5.3.3.1. Massi öikumanns

Prófanirnar skulu framkvæmdar með tveimur öikumönnum: öðrum með samanlagðan 59 massa ± 1 kg og þar af má hann ekki bera meira en 5 kg í viktunarbelti utan um sig; og hinum með samanlagðan 98 massa ± 5 kg með 8 kg hámarks massa í viktunarbeltinu.“

Í stað liðar 2.5.3.3.2 komi eftirfarandi:

„2.5.3.3.2. Staðsetning hröðunarmælis

Sveifluhreyfingar sem flytjast yfir á öikumann eru mældar þannig að hröðunarmæli er komið fyrir á plötu sem er flöt og með 250 ± 50 mm í þvermál, þar sem miðhlutinn upp að 75 mm þvermáli á að vera stífur og með stífan búnað svo hlífa megi hröðunarmælinum. Platan skal staðsett á miðju sætisyrfirborði á milli sætis og öikumanns og vera með hrjúfu yfirborði.

Sveifluhreyfingar við sætisfestingu eru mældar þannig að hröðunarmæli er komið fyrir nálægt festingunni á stað sem er ekki meira en 100 mm frá lengdarmiðjuplani dráttarvél-arinnar og ekki utan við útstæða hluta á sætisyrfirborði dráttarvélarinnar.“

Liður 2.5.3.3.3: Einungis í ensku útgáfunni skal bæta táknuinu „Hz“ inn í á eftir tölunni „80“ til að gefa til kynna mælieininguna.

Liður 2.5.3.3.5.3: Einungis í þýsku og dönsku útgáfunum verður táknið a_w í I formúlunni að vera innan sviga.

Síðasta setningin verði svohljóðandi:

„Ónákvæmni alls kerfisins til að mæla rótarferningsmeðalgildi sveifluhröðunar má ekki fara yfir ± 5 % af mældu gildi.“

Í stað liðar 2.5.3.3.7.1 komi eftirfarandi:

„2.5.3.3.7.1. Í hverri prófun verður að ákvarða sveifluhröðun á öllum prófunartímanum með þeim sveiflumæli sem skilgreindur er í lið 2.5.3.3.5.“

Í stað liðar 2.5.3.3.7.2 komi eftirfarandi:

„2.5.3.3.7.2. Í prófunarskýrslunni verður að koma fram meðalgildi af rótarferningsmeðalgildum veginnar sveifluhröðunar sætis (a_{wS}) bæði fyrir léttan öikumann og þungan öikumann. Þar skal einnig koma fram hlutfallið á milli meðalgildis rótarferningsmeðalgilda veginnar sveifluhröðunar sem mælist á sætinu (a_{wS}) og meðalgildis rótarferningsmeðalgilda veginnar sveifluhröðunar sem mælist við sætisfestinguna (a_{wB}). Hlutfallið skal gefið með tveimur aukastöfum.“

Í stað liðar 2.5.3.3.7.3 komi eftirfarandi:

„2.5.3.3.7.3. Umhverfishiti meðan á sveifluþrófun stendur skal mældur og gefinn upp í skýrslunni.“

Í stað liðar 2.5.4 komi eftirfarandi:

„2.5.4. Sveifluþrófun fyrir dráttarvélsæti í samræmi við fyrirhugaða notkun þeirra“

Liður 2.5.4.2: Einungis í þýsku útgáfunni komi „Prüfung auf dem Schwingungsprüfstand“ í stað „Schwingungsprüfung“

Í stað liðar 2.5.5 komi eftirfarandi:

„2.5.5. Aðferð til að ákvarða vegna sveifluhröðun á sætum sem ætluð eru fyrir dráttarvélar í hópi A“

Liðir 2.5.5.1 og 2.5.5.2 falli niður.

Liður 2.5.5.3 verði liður 2.5.5.1 svohljóðandi:

„2.5.5.1. Prófun á sveifluþrófunarpalli skal framkvæma í samræmi við lið 2.5.3.1. Ákvarða verður raungildið a_{wB}^* sem kemur fyrir við sætisfestingu meðan á mælingunni stendur. Ef um er að ræða frávik frá viðmiðunargildinu:

$$a_{wB}^* = 2,05 \text{ m/s}^2 \text{ fyrir dráttarvélar í hópi A í flokki I,}$$

$$a_{wB}^* = 1,7 \text{ m/s}^2 \text{ fyrir dráttarvélar í hópi A í flokki II.}$$

Verður að leiðrétta hröðunina a_{ws} sem mæld er við öikumannssætið í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$a_{ws}^* = a_{ws} \frac{a_{wB}^*}{a_{wB}}$$

Liður 2.5.5.4 verði liður 2.5.5.2 svohljóðandi:

„2.5.5.2. Mæla þarf vegna sveifluhröðun á sætinu á 28 sekúndna tímabili fyrir báða öikumennina sem um getur í lið 2.5.3.3.1. Mælingin skal hefjast þegar merki inngangsgildisins samavarar $t = 0$ sekúndum og ljúka þegar það samsvarar $t = 28$ sekúndum (sjá 4. og 5. viðbæti við þennan viðauka). Nauðsynlegt er að reynsluaka a.m.k. tvisvar. Mæld gildi mega ekki víkja meira en $\pm 5\%$ frá meðalgildi. Hverja heila röð af stillipunktum verður að endurtaka á tímanum $28 \pm 0,5$ sek.“

Í stað liðar 2.5.6 komi eftirfarandi:

„2.5.6. Aðferð til að ákvarða vegna sveifluhröðun á sætum sem ætluð eru fyrir dráttarvélar í hópi B“

Í stað liðar 2.5.6.1 komi eftirfarandi:

„2.5.6.1. Í samræmi við kröfunar í lið 2.5.4.2, eiga prófanir á sætissveiflum ekki við flokka dráttarvéla heldur einungis hverja dráttarvélargerð sem prófunarsætið er ætlað fyrir.“

Í stað liðar 2.5.6.2 komi eftirfarandi:

„2.5.6.2. Prófun á staðlaðri akbraut skal framkvæmd í samræmi við kröfunar í liðum 2.5.3.2 og 2.5.3.3. Ekki er nauðsynlegt að leiðrétta sveifluhröðun sem mælist á öikumannssæti (a_{ws}). Nauðsynlegt er að reynsluaka a.m.k. tvisvar á staðlaðri akbraut. Mæld gildi mega ekki víkja meira en $\pm 10\%$ frá meðalgildi.“

Í stað liðar 2.5.6.3 komi eftirfarandi:

- „2.5.6.3. Ef prófun á prófunarpalli er notuð verður að framkvæma hana í tengslum við staðlaða akbraut samkvæmt kröfum liða 2.5.3.1 og 2.5.3.3.“

Í stað liðar 2.5.6.4 komi eftirfarandi:

- „2.5.6.4. Sveifluþrófunarpalli skal stilla þannig að rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar sem mælast við sætisfestingu (a_{wB}) víki minna en $\pm 5\%$ frá rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar við sætisfestingu sem mælist á staðlaðri akbraut (a_{wF}^*).

Ef frávik yrðu frá gildinu a_{wF}^* sem mælist við sætisfestingu í reynsluakstri verður að leiðrétta vegna sveifluhröðun sem skráð er við ökumannssæti meðan á prófun á prófunarpalli stendur á eftirfarandi hátt:

$$a_{ws}^* = a_{ws} \frac{a_{wF}^*}{a_{wP}}$$

Framkvæma skal hverja prófun í prófunarbekknum tvisvar. Mæld gildi mega ekki víkja meira en $\pm 5\%$ frá meðalgildi.“

Á eftir lið 2.5.6.4 bætast eftirfarandi nýir liðir við:

- „2.5.7. *Prófun til að ákvarða eiginleika sem draga úr sveifluvídd á meðsvæiflunarsviði*

- 2.5.7.1. Prófunin er framkvæmd á prófunarpalli eins og skilgreint er í lið 2.5.3.1. Taka verður þó mið af eftirfarandi:

- 2.5.7.2. Í stað inngangsgildanna sem skilgreind eru í annarri málsgrein liðar 2.5.3.1.1 (sjá 4. og 5. viðbæti við þennan viðauka) er búinn til sínusferill sveiflu með $\pm 15\text{mm}$ sveifluvídd með tíðnina 0,5 til 2 Hz. Fara á í gegnum tíðnisviðið með stöðugum tíðnibreytingum á minnst 60 sekúndum eða með millibili sem er ekki minna en 0,05 Hz með hækkandi tíðni og á sama hátt með lækkandi tíðni. Á meðan á mælingunum stendur er leyfilegt að sía merkin sem hröðunarmælar gefa frá sér í gegnum bandsú með marktíðnina 0,5 og 2,0 Hz.

- 2.5.7.3. Setja skal 40 kg massa á sætið í fyrstu prófuninni og 80 kg massa í annarri prófun. Massann skal setja á búnaðinn sem sýndur er á mynd 1 í 1. viðbæti með sömu áhrifslínu krafta eins og við ákvörðun á viðmiðunarpunkti sætis.

- 2.5.7.4. Hlutfall á milli rótarferningsmeðalgildissveifluhröðunar á sætisyfirborði (a_{wS}) og við sætisfestingu (a_{wB}):

$$V = \frac{a_{wS}}{a_{wB}}$$

skal ákvarðað á tíðnisviðinu frá 0,5 til 2,0 Hz með millibili sem er 0,05 Hz eða minna.

- 2.5.7.5. Hlutfallið sem mælist skal gefið með tveimur aukastöfum í prófunarskýrslunni.“

Á eftir lið 3.1.3 bætist eftirfarandi nýr liður 3.1.4 við:

- „3.1.4. Hlutfallið sem um getur í liðum 2.5.7.4 og 2.5.7.5 má ekki fara yfir gildið 2.“

Í stað 2. viðbætis komi eftirfarandi:

„2. Viðbætur

Ákvörðun á eiginleikaferli fjöðrunarbúnaðar og þyngdarstillinga
(Liður 2.5.1)

Lóðréttur kraftur

Stillingar

Miðjustilling

Hæsta stilling

Lægsta stilling

Fjöðrunarferill*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 3. viðbæti:

Í fyrirsögn töflunnar falli orðið „ótilgreindrar“ niður. Í stað skilgreiningar D komi eftirfarandi:

„D = fjarlægð frá byrjun staðlaðrar akbrautar (í metrum).“

Í stað 4. viðbætis komi eftirfarandi:

„4. viðbæti“

Merki inngangsgilda fyrir skoðun á prófunarpalli á ökumannssæti í dráttarvél í hópi A (flokki I) liður 2.5.3.1.1):

PS = stillipunktur:

a = sveifluvídd fyrir merki inngangsgilda (í 10^{-4} m):

t = mældur tími (í sekúndum).

Þegar röð merkjanna er endurtekin í töflunni fyrir 701 punkt falla punktar 700 og 0 saman í tíma við sveifluvíddina a = 0:

PS Nr.	a 10^{-4} m	t s
0	0 000	0
1	0 089	.
2	0 215	.
.	.	.
.	.	.
.	.	.
699	0 023	.
700	0 000	28.0**

Í stað 5. viðbætis komi eftirfarandi:

„5. viðbæti“

Merki inngangsgilda fyrir skoðun á prófunarpalli á ökumannssæti í dráttarvél í hópi A (flokki II) liður 2.5.3.1.1):

PS = stillipunktur:

a = sveifluvídd fyrir merki inngangsgildis (í 10^{-4} m):

t = mældur tími (í sekúndum).

Þegar röð merkjanna er endurtekin í töflunni fyrir 701 punkt falla punktar 700 og 0 saman í tíma við sveifluvíddina a = 0:

PS Nr.	a 10^{-4} m	t s
0	0 000	0
1	0 022	.
2	0 089	.
.	.	.
.	.	.
.	.	.
699	0 062	.
700	0 000	28.0**

Í stað fyrirsagnar 6. viðbættis komi eftirfarandi:

„Prófunarpallur (liður 2.5.3.1); dæmi um smíði (mál í mm)“

7., 9. og 10. viðbættir fellur niður.

8. og 11. viðbættir verður 7. og 8. viðbættir.

Eftirfarandi bætist við lið 11 í III. viðauka:

„Þessar upplýsingar skal senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja ef þess er óskað.“

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar einungis á ensku útgáfunni af IV. viðauka við tilskipun 78/764/EBE:

Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Seats intended for tractors with a minimum rear-wheel track of not more than 1 150 mm may have the following minimum dimensions in respect of the depth and width of the seat surface:

— depth of seat surface : 300 mm;

— width of seat surface : 400 mm.

This provision is applicable only if the values specified for the depth and the width of the seat surface (i. e. 400 ± 50 mm and at least 450 mm respectively) cannot be adhered to on grounds relating to the tractor.“

Liður 4: Einungis í frönsku útgáfunni komi „Annexe V“ í stað „Annexe I“
